

Landsyfirréttardómar 1903.

Mánudaginn 12. janúarmánaðar.

Nr. 33/1902:

Réttvísín

gegn

Stefáni Guðmundssyni og

Óla Jóni Jónssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt, að það sé prófað ítarlega að því er eftirnefnd atriði snertir:

1. Verður að heimta ítarlegri skýrslu fyrir rétti af hinum ákærðu, hvorum í sínu lagi, um það, hvort þeir hafi, annarhvor eða báðir, skýrt séra Árna Þórarinssyni frá breytingu þeirri, sem þeir gjörðu á verðlagsskýrslunni, annaðhvort áður en þeir gjörðu hana eða á eftir, og ef svo er, þá hvenær.
2. Hafi þeir eigi gjört það, verður að krefja hina ákærðu, einnig fyrir rétti, hvorn í sínu lagi, ítarlegrar skýrslu um það, hvað til þess hafi

komið, að þeir létu það hjá líða, þar sem séra Árni hafði samið skýrsluna með þeim samkvæmt embættisskyldu sinni, og undirskrifað hana.

3. Það verður að krefja hina ákærðu, hvorn um sig, enn ítarlegri réttarskýrslu, en þegar er fengin, um það, við hvað þeir styðji það álit sitt, að séra Árni Þórarinsson hafi *af vangá* sett vaðmálsverðið í verðlagsskýrsluna, þar sem þeir annars bera það, að við samningu skýrslunnar hafi einmitt verið ágreiningur og þar af leiðandi sérstakt umtal um þennan lið í skýrslunni.
4. Það ber og að krefja hina ákærðu ítarlegri skýrslu fyrir rétti um það, á hverju þeir hafi bygt fullvissu sína um, að ekki ætti að verðleggja vaðmál í skýrslunni, þó að svo hafi áður verið gjört.
5. Verður að yfirheyra séra Árna Þórarinsson enn ítarlegar um samvinnu hans og hinna ákærðu að skýrslunni, með stöðugri hliðsjón af öllum framburði hinna ákærðu, þar á meðal um það, hvort hinir ákærðu hafi farið þess á leit við hann, að breyta verðlagsskýrslunni. Framburð séra Árna í málinu fyrir lögregluréttinum 5. okt. 1901 ber að eiðfesta, svo og eftir atvikum einnig væntanlegan framburð hans eftir úrskurði þessum.
6. Það ber að krefja Kristján bónda Þórðarson ítarlegri skýrslu fyrir rétti um það, hvort hann hafi verið við, er verðlagsskýrslan var samin

haustið 1900 og hvort hann hafi heyrt nokkurn ágreining eða umtal um upptöku gjaldvoðarvaðmáls á skýrsluna, og bereftir atvikum að láta Kristján eiðfesta skýrslu sína.

7. Það ber að upplýsa það með yfirheyrslu ákærðu og annara, hverjir hafi samið verðlagsskýrsluna haustið 1899, þegar brugðið var, að því er virðist í fyrsta skifti, frá þeirri venju, að verðleggja vaðmál í verðlagsskýrslunni, og hvort þá hafi verið ágreiningur um það, hvort það bæri að verðleggja, eða yfirhöfuð hvað hafi ráðið því þá, að vikið var frá eldri venju í því efni.
8. Sömuleiðis ber að upplýsa á sama hátt, hverjir hafi samið verðlagsskýrsluna haustið 1898, hvort þá hafi orðið ágreiningur um sama atvikið og hvað niðurstöðunni hafi valdið.
9. Verður að útvega skýrslur fleiri málsmetandi manna í Miklaholtshreppi en Kristjáns bónda Þórðarsonar, þeirra er óviðriðnir eru mál þetta, um það:
 - a, hvort gjaldvoðarvaðmál hafi gengið kaupum og sölum eða sem gjaldeyris manna á meðal (t. d. upp í hjúakaup) í Miklaholtshreppi frá því í okt. 1899 til jafnlengdar 1900, og
 - b, hvort þeim hafi verið kunnugt um nokkurn ágreining í hreppnum, fyr eða síðar, um það, hvort verðleggja skyldi vaðmál í verðlagsskýrslunum, og hvort þeir viti

- nokkuð um tildrögin til þess, að brugðið var frá eldri venju í þessu efni.
10. Ennfremur ber að útvega skýrslu um það, í hvaða hreppum sýslunnar gjaldvodafonearmál var verðlagt í verðlagsskýrslunum haustin 1898, 1899 og 1900.
 11. Svo verður rannsóknardómarinn ennfremur að útvega allar þær skýrslur aðrar, sem þessi framhaldsrannsókn málsins kann að gefa til efni til.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega allar ofanefndar skýrslur svo fljótt sem unnt er.

Mánudaginn 2. febrúarmánaðar.

Nr. 33/1902:

Réttvísinn

gegn

Stefáni Guðmundssyni og

Óla Jóni Jónssyni.

Úrskurður:

Eftir að yfirdómurinn með úrskurði uppkveðnum 12. f. m. hafði fyrirskipað itarlegri próf í máli þessu, hefir hann fengið í hendur eiginhandarvottorð prestsins Jósefs Kr. Hjörleifssonar á Breiðabólstað á Skógarströnd og 4. blað XXX. árg. blaðsins »Ísafoldar«, þar sem prentuð eru 2 vottorða-eftirrit, notarialiter staðfest eftir frumriti, annað undirritað af prestinum Eiríki Gíslasyni á